



Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 08. júlí 2010
Tilvísun: 2010060012
Bréfalykill: 50.11
Verknúmer: 1223050

Efni: 651. mál: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um stjórn vatnamála.

Orkustofnun vísar til erindis umhverfisnefndar Alþingis, dags. 16. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um stjórn vatnamála, 651. mál. Orkustofnun hefur kynnt sér feni frumvarpsins og er umsögn stofnunarinnar eftirfarandi:

Orkustofnun vekur athygli á gildissviði frumvarpsins sem tekur til strandsjós, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Strandsjór er svo skilgreindur í 6. tölul. 3. gr. frumvarpsins sem yfirborðsvatn landmegin við línu sem dregin er sjávarmegin einni sjómílu frá næsta punkti grunnlínu þeirrar sem landhelgi miðast við og teygir sig, þar sem við á, að ytri mörkum árósavatns. Svæðið kringum Ísland sem fellur undir strandsjó skv. ákvæðinu nær því töluvert langt út fyrir 115 m netlög. Í 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins segir svo að sveitarfélög, í samvinnu við heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, skuli framfylgja kröfum sem kveðið sé á um í vöktunar- og aðgerðaráætlun í samræmi við ákvæði laganna og reglna á sviði vatnsverndar. Sveitarfélög og heilbrigðisnefndir þeirra hafa hins vegar aðeins lögsögu innan netlaga. Er það mat Orkustofnunar að lagabreytingu þurfi þar að lútandi, þessu frumvarpi til samræmis, ef sveitarfélög og heilbrigðisnefndir eigi að geta sinnt eftirliti utan netlaga. Svipað er uppi á teningnum í 22. gr. frumvarpsins en þar er þó einnig gert ráð fyrir eftirliti hlutaðeigandi stofnana ríkisins.

Í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins segir að um ákvarðanir vatnaráðs gildi stjórnsýslulög. Nú er það svo að stjórnsýslulög gilda um allar stjórnvaldsákvarðanir skv. þeim lögum nema strangari reglur gildi samkvæmt sérlögum og er því óþarfi að taka það sérstaklega fram. Meiri athygli vekur hins vegar að samkvæmt 6. gr. frumvarpsins er ekki gert ráð fyrir því að vatnaráð taki eiginlegar stjórnvaldsákvarðanir. Ef til vill væri því nær lagi að orða lokamálslið 2. mgr. 5. gr. á þann veg að um starfsemi ráðsins gildi meginreglur stjórnsýslulaga eða gildi stjórnsýslulög eftir því sem við á.

Í 4. mgr. 7. gr. frumvarpsins segir að samþykkt vatnastjórnunaráætlun fyrir vatnaumdæmið skuli senda til viðkomandi sveitarfélaga og þeirra stjórnvalda sem áætlunin varðar. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins er landið eitt vatnaumdæmi. Því væri eðlilegt að samþykkt vatnastjórnunaráætlun yrði send á öll sveitarfélög og þau stjórnvöld sem vatnastjórnunaráætlun yfir höfuð varðar.

Ekki er með öllu ljóst hvort orðalag 4. mgr. 9. gr. frumvarpsins þýði að Umhverfisstofnun leggi til starfsmann úr sínum röðum eða hvort starfsmaður verði tilnefndur af stofnuninni. Athugasemdir við 9. gr. frumvarpsins skýra þetta ekki með öllu en þar er þó gefið til kynna

að Umhverfisstofnun standi undan kostnaði við ráðgjafanefndir og aðstoðarmenn þeirra.

Í 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins segir að umhverfismarkmið skuli vera samanburðarhæf. Samkvæmt athugasemdum við 11. gr. frumvarpsins er þar átt við að tryggt skuli að unnt sé að bera saman flokkun vatnshlota við vatnagerðir annarra landa. Orðalagið í ákvæðinu sjálfu mætti þó ef til vill vera skýrara og tiltaka samkvæmt hvaða viðmiðunum umhverfismarkmið skuli vera samanburðarhæf eða vísa um það til reglugerðar.

Í b. lið 1. mgr. 15. gr. frumvarpsins væri fallegra að segja: að það *yrði* óhóflega dýrt.

Að lokum vekur Orkustofnun athygli á því að í 32. gr. frumvarpsins um breytingar á öðrum lögum eru lagðar til breytingar á lögum nr. 57/1998 og lögum nr. 73/1990 sem fela í sér heimild fyrir ráðherra til þess að fella niður eða breyta skilyrðum leyfis eða setja ný skilyrði vegna umhverfissjónarmiða eða vegna hagsmuna leyfishafa eða annarra sem nýta sömu auðlind. Skuli við ákvörðun um slíkt líta til þess hvaða áhrif breytingin hefur á hagsmuni leyfishafa og til ávinnings og óhagræðis sem hún mun að öðru leyti hafa í för með sér. Orkustofnun bendir á að endurskoðunarheimild ráðherra á virkjunarleyfum skv. 4. mgr. 5. gr. raforkulaga nr. 65/2003 takmarkast við sjónarmið er varða heildarhagkvæmni í orkunýtingu vatnasviðsins eða jarðhitasvæðisins og endurskoðunarheimild ráðherra á virkjunarleyfum skv. 2. mgr. 6. gr. raforkulaga takmarkast við að um slíkt sé kveðið á í leyfinu sjálfu og að forsendur fyrir skilyrðum leyfisins hafi breyst verulega. Það er því ekki fyrirséð að samskonar heimild sé fyrir hendi samkvæmt raforkulögum og lögð er til að verði sett inn í fyrrgreind lög nr. 57/1998 og lög nr. 73/1990.

Að öðru leyti gerir Orkustofnun ekki athugasemdir við frumvarpið að svo stöddu.

Virðingarfyllst


Valborg Steingrimsdóttir